Samþykkt þann

13 SEP 2006

Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Jón Sigurðsson




**BYGGINGARLÝSING:**

Breytingar á einbýlishúsi frá 1987 á lóðinni Mávahraun 7,Hfj

**Hlutverk:** Íbúðarhús / einbýli.
Hitaveitulögn liggur þvers yfir lóðina (sjá afstöðumynd).

**Breytingar:**
Lóðin verður stækkuð annars vegar til suðurs, um 4m inn á bæjarland og hins vegar til vesturs um 3.1m (sem skerðir lóð Mávahrauns nr. 9 samsvarandi).
Lóð fyrir breytingu var 1265 m2 og verður eftir breytingu 1507,15 m2, stækkun 242,15 m2.
Frágangur á lóðamörkum verður gerður með trjám og öðrum gróðri.
Byggður verður bílskúr við austurenda hússins. Byggt verður neðanjarðar við neðri hæð hússins í vestur, eitt herbergi og baðaðstaða.
Ofan á viðbygginguna verður gerð grunn tjörn (15cm), frá húsi og að nýjum skjólvegg (steyptur) 30 cm frá lóðamörkum. Viðbyggingar verða gerðar úr steinsteypu og í stíl við núverandi hús.
Settur verður glerskjólveggur og handrið að hluta við verönd í suður.
Á verönd verður setkrókur og úti eldstæði.

**Lýsing:**
Byggingin er á tveimur hæðum;
Aðkoma ásamt eldhúsi, borðstofu, stofu, snyrtingu, baði og svefnherbergjum eru á efri-/götuhæð.
Þvottah., vinnuherbergi, sjónvarpsherbergi og geymsla eru á neðri hæð.
- Byggingin stendur á steyptum sökkli. Undirstöður og botnplata eru staðsteyptar á þjappaðri fyllingu.
- Byggingin er úr járnbentri steinsteypu, einangruð að innan og pússað. Ytra útlit er pússaðir veggfletir og málaðir í ljósum lit.
- Burðarvirki er berandi út- og innveggir og súlur.
- Þak er steypt plata, "flatt". Ofan á plötuna kemur 200mm einangrun, þakdúkur (sarnafil) og malarfarg.
- Gluggar og hurðir eru ísteyptir úr tré.
  Gler í gluggum er tvöfalt einangrunargler.
- Klæðning innanhúss er min. í Fl.2.
- Gólfniðurföll eru í öllum votrýmum, sjá grunnmyndir (GNF).
- Inntak veitna; hita, neysluvatns og rafmagns verður í inntaksklefa/geymslu í kjallara.
- Sorpgeymsla verður á lóðinni austanverðri við bílgeymslu.
- Frágangur lands á lóðamörkum verði gerður skv. gr. 2.6. í skipulags- og byggingarskilmálum í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

**Loftræstimál:**
Öll rými sem ekki hafa opnanleg gluggafög eru vélrænt loftræst, sjá grunnmyndir (Lr).

**Einangrun:**
*Botnplata er einangruð með 75 mm einangrunarplasti, veggir sökkla eru* einangraðir 500 mm niður fyrir plötu með 75 mm einangunarplasti.
Útveggir eru einangraðir með 100 mm plasteinangrunarplötum.
Þak er einangrað með 200 mm frauðeinangrun ofan á steypta plötu.
Í gluggum er tvöfallt einangrunagler, 12mm loftrúm í föstum gluggum en 9 mm loftrúm í opnanlegum gluggafögum og hurðum.Uppfylla skal ÍST-66 varðandi kólnunartölur og einangrun einstakra byggingarhluta.

**Eldvarnir:**
Reykskynjarar á hvorri hæð hússins. Allar klæðningar verða minnst í flokki 2.
Handslökkvitæki verða sett upp í samráði við Eldvarnareftirlitið.
Opið eldstæði skal uppfylla ákv. 192.gr. byggingarreglugerðar.

**Hljóðvist:**
Milli íbúðar og rýma utan íbúðar: 55 dB.

**Stærðir:**

| | |
|---|---|
| Lóð: | 1507,15 m2 |
| Íbúð 01 D8 | 311,8 m2 |
| bílskúr | 36,2 m2 |
| Rúmfang án botnplötu D11 | 1005,3 m3 |
| nýt.hlf. 348 / 1507 = 0,23 | |

**Bílastæði:**
Bílastæði á lóð: 4 stæði

29.06.2006
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS bs.

| | | |
|---|---|---|
| | | E |
| | | D |
| lóðarstærð, glerþaki sleppt | 23/06/06 | C |
| stærðum á lóð, viðbygg. og bílskur | 23/05/06 | B |
| stærðum á lóð, viðbygg. og bílskur | 08/11/05 | A |

breyting.

# MÁVAHRAUN 7

AÐALUPPDRÁTTUR
AFSTAÐA

teikning

verknúmer

1:500 mkv

09/09/04 dags

**-núverandi lóð:**
**1265m2**

**-aukning sem sótt er um:**
**242,15 m2**

**-lóð eftir breytingu:**
**1507,15 m2**

**-núverandi hús:**
**266,5 m2**

**-stækkum:**
**81,5 m2**

**-hús eftir breytingu:**
**348,0 m2**

**pk - arkitektar**
LYNGHÁLS 4
REYKJAVÍK 110
5518050 SÍMI
5518077 FAX
palmar@pk.is
pálmar kristmundsson arkitekt
0804555269
www.pk.is

PÁLMAR KRISTMUNDSSON ARKITEKT

**A 100-C**

teikning nr.

útgáfa